



Reykjavík, 24. ágúst 2021

R19100342

Efni: Umsögn mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs um tillögu stýrihóps um innleiðingu íbúaráða

Almennt

Tilraunaverkefni um nýtt fyrirkomulag íbúaráða, sem hefur verið starfrækt frá maí 2019, er nú að ljúka. Stýrihópur um innleiðingu íbúaráða í Reykjavík hefur mótað tillögu sem byggir á því að íbúaráðin verði áfram starfandi. Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð er almennt séð ánægt með tillögurnar og fagnar þeirri vinnu sem hefur átt sér stað sem öll miðar að því að efla og styrkja íbúalýðræði í hverfum Reykjavíkurborgar.

Ábendingar:

Skipun fulltrúa

Því er fagnað að félagsauðsfulltrúi á hverri þjónustumiðstöð beri ábyrgð á ákveðnum verkefnum í samstarfi við formenn og starfsmann íbúaráðanna. Hér er svo litið á að skipan fulltrúans sé til að hagræða frekar en að auka kostnað.

Tilraunaverkefnið hefur nú þegar sýnt fram á ávinning þess að skipa borgarfulltrúa í íbúaráðin en ekki fulltrúa sem taka ekki virkan þátt í daglegum störfum borgarstjórnar. Hér hlýst líka fjárhagslegur ávinningur af þar sem borgarfulltrúar fá ekki sérstaklega greitt fyrir hvern fund.

Verklagsreglur íbúaráða

Lögð er áhersla á að aðgengi íbúa að málefnum funda þarf að vera mun skýrara en það er núna. Hér getur verið hægt að nota fyrirkomulag ábendingagáttar Reykjavíkurborgar td. Mikilvægt er að ferlið í kringum hvaða mál verði tekin fyrir sé líka mjög skýrt.

Fundarfyrirkomulag

Því er fagnað að fjárfest verði í færanlegum fjarfundarbúnaði fyrir öll íbúaráðin. Fundirnir geti þá með góðum hætti verið haldnir víðar í nærumhverfi íbúa hverfanna auk þess að streyma fundum og eiga upptökur af kynningum fyrir þá sem vilja kynna sér málefni á öðrum tíma en fundartíma.



Aðrar athugasemdir einstaka fulltrúa:

Fjöldi íbúaráða

Sú hugmynd kom fram meðal ráðsfulltrúa að hvetja stýrihópinn til að huga að umfangi m.t.t. kostnaðar og vilja endurskoða tillögu um að fjölga ráðum úr 9 í 10. Mesta gagnrýni sameinaðra íbúaráða Miðborgar og Hlíða kom í upphafi tilraunaverkefnisins. Síðan þá hefur ráðið náð betur utan um umfangið og verkferlar hafa smurst til t.d. með því að bæta við undirbúningsfundi mánaðarlega.

Önnur hugmynd sem kom fram meðal ráðsfulltrúa er að það væri ástæða til að fjölga íbúaráðum enn frekar í stórum hverfum, til dæmis í Breiðholti.